

Möguleikar og valkostir á sviði jarðhitanytingar í Úkraínu

Skýrsla Orkustofnunar til utanríkisráðuneytisins
kynnt í Kænugarði í Úkraínu 11. nóvember

16. nóvember 2016


Til stendur að hefja undirbúning að nýtingu jarðhita á lykilsvæðum í vesturhluta Úkraínu á grundvelli tillagna og niðurstöðu í úttekt Orkustofnunar sem kynnt var á fundi með yfirvöldum og fulltrúum alþjóðlegra fjármálastofnana í Kænugarði í dag. Ferlið framundan er í höndum State Agency on Energy Efficiency and Energy Savings í Úkraínu, og er ætlunin að efna til samstarfs á milli aðili í Úkraínu og á Íslandi með aðkomu alþjóðlegra fjármálastofnana.



Þetta kom fram á fundi sem haldinn var 11. nóvember í Kænugarði þar sem fjallað var um skýrsluna og sérfræðingar og fyrirtæki á Íslandi gerðu grein fyrir starfsemi sinni á sviði jarðhitamála og miðluðu af reynslu sinni í jarðhitaverkefnum í öllum heimshlutum. Fyrirtækin voru Arctic Green, Reykjavík Geothermal, Mannvit og Verkís.



Fundurinn var á vegum stjórnvalda í Úkraínu í samstarfi við utanríkisráðuneytið á Íslandi, með þátttöku Orkustofnunar, alþjóðlegra fjármálastofnana o.fl.



Af hálfu opinberra aðila voru sendiherra Íslands gagnvart Úkraínu, forstjóri og fulltrúi Orkustofnunar, auk fulltrúa íslenskra fyrirtækja. Af hálfu erlendra aðila sátu fundinn fulltrúar alþjóðlegra fjármálastofnana m.a. EBRD, NEFCO, USAID, o.fl. auk fulltrúa ráðuneyta og stofanna í Úkraínu. Í Úkraínu eru stór svæði með jarðhita, sem hægt er að tengja við hitaveitukerfi á viðkomandi stöðum, sem gefur möguleika á aukinni hagkvæmi hitaveitukerfa, auknu orkuöryggi og minni mengun. Til að koma slíkum möguleikum í framkvæmd þarf þó aðkomu sérfræðinga og alþjóðastofnana og bæta frekar starfsskilyrði hitaveitna almennt.



Í kjölfar fundarins hittu fulltrúar utanríkisráðuneytisins og Orkustofnunar, utanríkisráðherra Úkraínu Pavlo Klimkin, þar sem fjallað var um stöðu mála, áframhaldandi samstarf á sviði jarðhita, mannréttindamál, auk annarra mála. Á fundinum kom fram að Úkraína hefði markað stefnu um aukna nýtingu á endurnýjanlegri orku. m.a. á sviði jarðhita til að draga úr innflutningi á jarðefnaeldsneyti frá öðrum löndum, til að auka hagkvæmni og orkuöryggi í landinu og til að draga úr mengum. Ráðherrann óskaði eftir enn frekara samstarfi við Ísland á sviði jarðvarma og einnig m.a er varðar varmadælur og á öðrum sviðum orkumála.




Utanríkisráðherra Pavlo Klimkin, skipaði einnig Sigsteinn P. Grétarsson ræðismann Úkraínu á Íslandi.


Forsaga

Að lokinni heimsókn utanríkisráðherra Gunnars Braga Sveinssonar til Úkraínu 2014, þar sem samstarf milli landanna var rætt, óskaði utanríkisráðuneytið eftir því að Orkustofnun gerði úttekt á því hvernig Ísland gæti stutt aukna nýtingu á jarðhita í landinu. Byggt yrði á grunni þekkingar og reynslu stofnunarinnar, innanlands sem og erlendis, á sviði endurnýjanlegrar orku. Skýrsla Orkustofnunar var unnin í kjölfar beiðni utanríkisráðuneytisins. Þá undirrituðu Orkustofnun og State Agency on Energy Efficiency and Energy Savings í Úkraínu (SAEE), árið 2015, viljayfirlýsingu (MoU) um samstarf íslenskra stofnana og fyrirtækja á sviði orkunýtingar, orkusparnaðar og endurnýjanlegra orkulinda, með áherslu á að greina og meta tækifæri og möguleika á sviði jarðhita í Úkraínu.

Borholur fyrir hitaveitukerfi og raforkuframleiðslu í vesturhluta Úkraínu



Jarðhitasvæði í vesturhluta Úkraínu



Orkustofnun hefur nú skilað skýrslu til utanríkisráðuneytisins. Þar er farið er yfir möguleika og valkosti við nýtingu jarðhita í Úkraínu. Skýrsla hefur verið unnin í samstarfi við aðila í Úkraínu s.s. utanríkisráðuneytið, State Agency on Energy Efficiency and Energy Savings í Úkraínu (SAEE), Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD), Alþjóðabankann, US Agency for International Development (US AID) og Institute for Renewable Energy National Academy of Science í Úkraínu (IRE), World Bank ESMAP í Washington, Krakow háskólann í Póllandi, o.fl. Í október 2015, áttu fulltrúar frá Orkustofnun fundi með áðurnefndum aðilum í Kiev.

Skýrslan byggist í meginatriðum á þremur köflum. Í fyrsta lagi á umfjöllun um alþjóðleg atriði á sviði jarðvarma og endurnýjanlegrar orku, s.s. er varðar stefnumörkun, kostnað, fjármögnun og þróun. Í öðru lagi er fjallað um möguleika og tækifæri í jarðvarma í Úkraínu og í þriðja lagi er farið yfir þróun og lærdóm af nýtingu jarðvarma á Íslandi. Þannig er alþjóðleg og innlend reynsla á Íslandi nýtt við mat á tækifærum og valkostum á sviði jarðvarma í Úkraínu.

Við uppbyggingu á nýtingu jarðvarma þarf að taka tillit til fjölmargra atriða, s.s. er varða reglur, kostnað, þekkingu, fjármögnun, tækni og alþjóðlegt samstarf, en á öllum þeim sviðum getur Ísland

byggt á langri reynslu innanlands sem og erlendis. Aukin nýting á jarðvarma í Úkraínu dregur einnig úr mengun og vinnur gegn aukinni losun koltvíoxíðs út í andrúmsloftið, eykur hagkvæmni og orkuöryggi, en það skiptir landið miklu máli.

Í skýrslunni er talið að ýmis tækifæri séu á frekari nýtingu jarðhita í Vestur Úkraínu, þar sem jarðhiti, borholur og hitaveitudreifikerfi eru til staðar. Auk þess er samstarf þegar í gangi á þessum stöðum um nýtingu á endurnýjanlegri orku, við alþjóðlegar fjármálastofnanir á sviði endurreisnar og uppbyggingar s.s. EBRD og NEFCO.

Af þessum alþjóðlegu stofnunum má nefna Norræna umhverfissjóðinn NEFCO og Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD) sem er í eigu 60 landa. Hann er stærsta alþjóðlega fjármálastofnunin í Úkraínu með verkefni, að verðmæti 7,46 milljarða €, þar af 1,8 milljarðar € í orkugeiranum. Auk þess verður haft samband við aðra aðila s.s. Alþjóðabankann, (WB), US AID, Fjárfestingabanka Evrópu (EIB) og German Development Bank (KfW). Þau svæði sem helst koma til greina til frekari athugunar eru stærri borgir með yfir 100 þús. íbúa og eru þegar í samstarfi um orkuverkefni við EBRD eða NEFCO, s.s. Liviv, Ivano Frankivsk, Chemivtsi, Uzhgorod, auk smærri staða eins og Berehove og Mostiske. Innlendum aðilum á sviði jarðvarma hefur þegar verið kynnt efni skýrslunnar.

Nánari upplýsingar veitir Baldur Pétursson, verkefnisstjóri fjölbjóðlegra verkefna og kynningar, sem stýrði vinnslu skýrslunnar.

Skýrsluna má finna hér <http://os.is/gogn/Skyrslur/OS-2016/OS-2016-01.pdf>